

Jöklableikja ehf
Breiðabólsst 4 Hala 2
781 Höfn í Hornafirði

Reykjavík 9. apríl 2019
UST201702-052/F.T.
08.12.02

Efni: Lok eftirfylgni

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt dags. 30. janúar sl. þar sem fallist var á frest til 31. mars 2019 vegna frávika sem skráð voru í eftirliti 2016 og 2018. Úrbótaáætlun Jöklableikju fólst í því að tæma fiskeldisstöðina og hætta starfsemi.


Frávakin voru eftirfarandi:

1. Gr. 2.6 og 3.1 í starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi. Frárennsli frá fiskeldi skal forhreinsa áður en það berst í viðtaka og skal frárennsli vera í samræmi við bestu fáanlegu tækni fyrir fiskeldi. Engin hreinsun var á frárennslisvatni úr eldiskerum.
2. Gr. 2.1 í starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi. Beita skal bestu fáanlegu tækni til að fyrirbyggja mengun umhverfisins. Frárennsli rann út úr kerjum, án tengingu við viðtaka. Erfitt var að komast að kerjum vegna vatns í jarðvegi. Greinileg uppsöfnun úrgangs og fóðurleifa var í kringum kerin. Að öðru leyti bar umhverfi eldiskera á útisvæði þess merki að ekki hafi verið unnið með þennan lið starfsleyfisskilyrðanna, búnaður eldisins samræmdist ekki kröfum um bestu fáanlegu tækni.
3. Gr. 1.4 í starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi. Skráningum í rekstrardagbók var ábótavant.
4. Gr. 1.4 í starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi og 18 gr. laga 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Áhættumat og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar og neyðaráætlun vegna rekstrarstöðvunar vantaði.
5. Gr. 2.4 í starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi og 11. gr reglugerðar 737/2003 um meðhöndlun úrgangs. Dauðfiski var ekki fargað á viðurkenndan hátt.

Stofnuninni hafa borist myndir því til staðfestingar að stöðin hafi verið tæmd. Frávikunum telst því lokið. Stofnunin mun yfirfara frágang stöðvarinnar síðar í eftirliti.


Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgnina verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, með síðari breytingum. Gjaldið er 26.400 kr.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.



Skúli Þórðarson
sviðsstjóri

Virðingarfyllst



Frigg Þorlacius
Frigg Þorlacius
lögfraðingur

Afrit: Heilbrigðisnefnd Austurlands